Nd. **605. Breytingartillögur** [128. mál]

við frv. til l. um búfjárhald í Reykjavíkurborg og þremur kaupstöðum.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 1. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Sveitarstjórn í kaupstað, eða kauptúni með 1000 íbúa eða fleiri, er heimilt með samþykki ráðherra að setja reglugerð um búfjárhald í kaupstaðnum eða kauptúninu. Með slíkum reglum má þó ekki skerða rétt tilraunastöðvarinnar að Keldum eða annarrar hliðstæðrar tilraunastöðvar til búfjárhalds.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum.